

Kópavogsbær, kt. 700169-3759 og Veitur ohf., kt. 501213-1870, gera með sér svofellt:

Samkomulag um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Kópavogsbæ

1. gr. Markmið

Samningsaðilar hafa allir sett sér metnaðarfull og nauðsynleg loftslagsmarkmið og aðgerðaáætlanir til að ná þeim. Auk eigin starfsemi ná áætlanir þeirra til að sporna við hlýnun jarðar einnig til þess að auðvelda almenningi að draga úr sinni losun. Umhverfissvænni samgöngur – að hjóla, ganga, nýta almenningssamgöngur eða aka á bílum sem ganga fyrir hreinni orku – eru þar lykilatriði.

Markmið aðila með samkomulagi þessu er að koma upp hleðslubúnaði fyrir rafbíla til afnota fyrir þá sem síður geta komið slíkum búnaði heima fyrir og fyrir starfsfólk í stofnunum Kópavogsbæjar.

2. gr. Verkefnið

Innviðir fyrir hleðslubúnað rafbíla verða byggðir upp á fjórtán (14) fyrir fram ákveðnum stöðum á landi Kópavogsbæjar eða á lóðum tengdum stofnunum sveitarfélagsins, samkvæmt fylgiskjali nr. 1 með samkomulagi þessu. Áætlað er að leggja innviði fyrir rafbíla 2024.

3. gr. Hlutverk

Veitur munu annast og kosta lagningu nauðsynlegra rafmagnsstrengja að væntanlegum mælaskáp vegna uppbyggingar innviða samkvæmt 4. gr. samkomulags þessa, auk þess að sjá um hönnun rafveitu.

Kópavogsbær mun, sjálfur eða með samkomulagi við þriðja aðila, leggja til bílastæði og merkingar og annast allan yfirborðsfrágang eftir framkvæmdir í bæjarlandi og lóðum stofnana Kópavogsbæjar vegna uppbyggingar innviða samkvæmt 4. gr. samkomulags þessa, auk þess að kosta mælaskáp, hleðsluundirstöðu og lagningu rörs/strengs frá mælaskáp að hleðsluundirstöðu. Jafnframt sjá um hönnun einlínumynda mælaskápa og hönnun á yfirborðsfrágangi.

4. gr. Innviðir

Við lagningu rafmagnsstrengja og tengingar er við það miðað að hleðslustæði á hverjum stað verði á bilinu 4 til 12, með 2 til 6 hleðslustöðvar með tveimur tenglum, 2x32 A, þriggja fasa. Um fjölda stæða og stöðva á hverjum stað fara samkvæmt fylgiskjali nr. 1 við samkomulag þetta.

Hleðslubílastæðin skulu vera skýrt afmörkuð og eingöngu ætluð til hleðslu rafbíla.

Skilyrt er að hleðslum verði álagsstýrt þannig að álag á rafmagnsfæðingu fari ekki yfir tiltekna afkastagetu. Aðilar munu hafa samráð um endanlega útfærslu álagsstýringar.

Þjónustuaðilar munu koma til með að selja raforku til rafbílaeigenda, reka viðskiptakerfi, greiða dreifingarkostnað rafmagns, annast rekstur hleðslubúnaðarins og bera ábyrgð á skilum upplýsinga um nýtingu hans til Kópavogsbæjar.

Hleðslubúnaðurinn skal auk þjónustuaðila merktur Kópavogsbæ og Veitum.

5. gr. Kostnaður vegna innviða

Samningsaðilar skulu standa straum af kostnaði vegna efnis og vinnu vegna eigin þátttöku í verkefninu. Vegna tekjumarka dreifiveitu rafmagns skal Kópavogsbær upplýsa Veitur um kostnað sinn vegna yfirborðsfrágangs og skulu Veitur taka tillit til mismunar þess kostnaðar og þess sem annars hefði innheimst vegna heimlagngjalda við tekjumarkauðtreikning sinn.

Kópavogsbær mun standa straum af kostnaði leyfa vegna framkvæmda í landi bæjarins og lóðum á hans vegum.

6. gr. Samráð og endurmat

Umsjón samkomulags þessa skal vera í höndum samráðshóps sem samanstendur af fulltrúum Kópavogsbæjar og Veitna, einum fulltrúa frá hvorum aðila.

7. gr. Verktími

Verkefni skv. 2. gr. samkomulags þessa hefst innan 30 daga frá undirritun þess og skal lokið eigi síðar en 31. október 2024.

Staðsetning	Áætluð verklok
Sundlaug Kópavogs	31. maí 2024
Hálsatorg	30. júní 2024
Hamraborg (Bæjarstjórnarsalur)	30. júní 2024
Kársnesskóli	31. október 2024
Fífan	31. ágúst 2024
Kópavogsvöllur	31. ágúst 2024
Fagrilundur	31. ágúst 2024
Íþróttahúsið Digranes	31. ágúst 2024
Digranesskóli Hjalli	15. ágúst 2024
Lindaskóli	15. ágúst 2024
Salalaug	31. maí 2024
Hörðuvallaskóli	15. ágúst 2024
Kórinn	31. ágúst 2024
Vatnsendaskóli	15. ágúst 2024

Hvorum aðila er á samningstíma heimilt að óska eftir endurskoðun á ákvæðum samkomulags þessa verði sýnt fram á að forsendur hafi breyst eða standist ekki.

Rísi ágreiningur milli aðila um efni samkomulags þessa skal samráðshópur skv. 6. gr. leitast við að leysa þann ágreining. Náist ekki samkomulag með aðilum og annar hvor þeirra eða báðir ákveða að höfða mál fyrir dómstólum skal það gert fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Samkomulag þetta er undirritað í tveimur eintökum og er eitt eintak fyrir hvorn samningsaðila.

Kópavogur x. mars 2023

f.h. Kópavogsbæjar

f.h. Veitna

Ásdís Kristjánsdóttir

Sólrún Kristjánsdóttir

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026